

Alþingi
Erindi nr. **P** 135/233S
komudagur 22.4.2008

Til landbúnaðarráðherra og Landbúnaðarnefndar Alþingis

Stjórnir búgreinafélaga í Austur – Húnavatnssýslu álykta vegna frumvarps til laga um breytingar á ýmsum lögum í tengslum við endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiðdra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.)

Lagst er harðlega gegn því að innflutingur á fersku kjöti og kjötvörum verði heimilaður, eins og raunin verður, ef ofangreint frumvarp verður að lögum. Með því er kastað fyrir róða áratuga vinnu til að tryggja heilbrigði búfjár og hollustu íslenskra landbúnaðarafurða.

Rétt er að benda á að sjúkdómastaða, t.d. salmonellu, camphylobacter, listeriu auk kúariðu, er allt önnur og betri hér á landi heldur en í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum okkar. Lögð hefur verið mikil vinna og fjármunir til að ná þessari stöðu og óvarlegt að kúvenda með þessum hætti og stefna heilbrigðis- og fæðuöryggi fólks í óvissu. Flestar þjóðir leggja höfuðáherslu á að brauðfæða sig að sem flestu leiti en íslenska ríkisstjórnin virðist með þessu stefna í gagnstæða átt.

Rétt er að benda á að íslenskur kjötmarkaður er mjög viðkvæmur fyrir innflutningi, ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar að einn til tveir aðilar hafa ráðandi stöðu á smásölumarkaði. Þar sem sú staða er uppi, er augljós hættu á að þeir noti markaðsráðandi stöðu sína til að flytja inn t.d. ferskar kjúklingabringur, sem reyndar bera lægri toll en frosnar og koma þannig róti á kjötmarkaðinn. Af reynslu undanfarinna ára má læra að tiltölulega lítið umfram framboð er nægjanlegt til að lækka verð stórlega, og þar með veita bændum og afurðastöðvum þeirra þungt högg og stefna afkomu fjölda fólks í óvissu.

Í ljósi gríðarlegra kostnaðarhækkana á rekstrarvörum bænda, s.s. áburði, fóðri, olíu og væntanlega einnig á rúlluplasti, að ógleymdum fjármagnskostnaði, verður að teljast með ólíkindum að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra skuli ekki hafa látið fram fara neina úttekt á afleiðingum þess fyrir íslenskan kjötmarkað að heimila innflutning á fersku kjöti.

Hér með er skorað á ráðherrann að láta fara fram slíka könnun án tafar, svo unnt sé að meta þær afleiðingar sem frjáls innflutningur kann að hafa, og þá til hvaða aðgerða eigi að grípa til að tryggja starfsöryggi íslensks landbúnaðar og afurðastöðva.

Í stjórn Félags kúabænda

Magnús Sigurðsson
 Jóhanna Loftusson
 Þránn Björnsdóttir
 Gróa Lárusdóttir
 Jens Jónsson

Í stjórn Félags sauðfjárbænda

Birgir Ingólfsson
 Magnús Guðmundsson
 Jón Þ. Sigmundsson
 Eish Lárusdóttir

Í stjórn Félags hrossabænda

Jón Þ. Sigmundsson
 Gunnar R. Róðinn
 Magnús Jónsson